

**Ed.**

**202. Frumvarp til laga**

**[74. mál]**

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar. Nú eru þessir embættismenn ekki allir starfandi á stað, þar sem ástæða þykir til loftvarna eða annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum tilnefna menn í þeirra stað, er lögreglustjóri skipar síðan til starfsins.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.